

Innviðaráðuneytið
Sigurður Ingi Jóhannsson Innviðaráðherra
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. október 2024

2024-02-83/11.2

Efni: Beiðni framkvæmdaaðila um að skipa sérstaka raflínunefnd samkvæmt 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. brl. nr. 35/2023. Holtavörðuheildarlína 1 (HH1).

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. brl. nr. 35/2023, óskar Landsnet eftir því að ráðherra skipi sérstaka raflínunefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa, kynna og afgreiða raflínuskipulag fyrir framkvæmd í flutningskerfi raforku sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og afgreiða umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir henni. Um er að ræða Holtavörðuheildarlínu 1.

Til samræmis við áskilnað skipulagslaga er beiðni þessi sett fram áður en samþykkt hefur verið á fundi a.m.k. einnar sveitarstjórnar að auglýsa skipulagstillögu á grundvelli 31. gr. sömu laga.

I. Fyrri ákvarðanir ráðherra um að synja beiðni Landsnets.

Vísað er til fyrri samskipta vegna sömu framkvæmdar. Nánar tiltekið fyrri beiðnir Landsnets til ráðherra um skipun raflínunefnda samkvæmt 9. gr. a skipulagslaga í tengslum við Holtavörðuheildarlínu 1 (HH1) og Holtavörðuheildarlínu 3 (HH3). Um var að ræða tvær aðskildar beiðnir af hálfu Landsnets, sem báðar eru dagsettar hinn 1. mars 2024.

Þá er og vísað til svarbréfs ráðuneytisins til Landsnets, dags. 12. apríl 2024. Í bréfinu er fjallað um fyrirliggjandi beiðnir Landsnets og m.a. tekið fram að ráðuneytið telji skorta frekari rökstuðning fyrir framlögðum beiðnum og óskar af þeim sökum eftir tilteknum viðbótarupplýsingum. Upplýsingarnar voru veittar ráðuneytinu með bréfi Landsnets, dags. 19. apríl 2024, vegna beggja framkvæmdanna.

Með tveimur aðskildum bréfum ráðuneytisins, bæði dagsett hinn 10. júlí 2024, var framkomnum beiðnum Landsnets um skipun raflínunefnda hafnað. Grundvallast ákvörðun ráðuneytisins á því að Landsnet hafi ekki sýnt fram á að nægjanlegur grundvöllur sé til staðar til þess að víkja frá meginreglu skipulagslaga um að sveitarfélögin fari með skipulagsvaldið, þar sem ekki lá fyrir að ágreiningur væri við sveitarfélögin eða á milli þeirra um framkvæmdina.

Í ákvörðunum sínum benti ráðuneytið hins vegar á að leggja mætti fram nýja beiðni ef aðstæður myndu breytast að þessu leyti, enda væru skilyrði 9. gr. a skipulagslaga uppfyllt.

Frá því að ráðuneytið tók umræddar ákvarðanir, hinn 10. júlí 2024, hefur umhverfismatsskýrsla fyrir Holtavörðuheildarlínu 1 litið dagsins ljós, sbr. meðfylgjandi skjöl. Þá má einnig nefna að hinn 2. október 2024 átti sér stað víðtækt rafmagnsleysi á Norður- og Austurlandi, sem endurspeglar veikleika í núverandi byggðarlínu. Má ætla að stjórnvöldum hljóti þegar af þeim sökum að vera kunn sú brýna nauðsyn á styrkingu byggðalínunnar og að undirbúningsframkvæmdir vegna þess hefjist sem fyrst. Þá hafa tekið gildi ný ákvæði í skipulagsreglugerð er varða störf raflínunefndar, sbr. einkum 7. kafli reglugerðarinnar.

II. Beiðni um skipan raflínunefndar

Með bréfi þessu óskar Landsnet á ný eftir því að ráðherra hlutist til um að skipa raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1, sbr. 1. mgr. 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. brl. nr. 35/2023.

a) Nánar um fyrirhugaða framkvæmd – ný kynslóð byggðarlínu.

Um er að ræða framkvæmd sem fengið hefur vinnuheiðið Holtavörðuheiðarlína 1 (HH1). Nær framkvæmdin til fjögurra sveitarfélaga, þ.e.a.s. Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð og Húnaþing vestra.

Um er að ræða 220 kV loftlínu, u.þ.b. 91 km löng, sem mun liggja frá tengivirkinu á Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki sem verður byggt á Holtavörðuheiði. Flutningsgetan verður á milli 800 og 900 MW. Línan er á samþykktari kerfisáætlun Landsnets 2023-2032. Áætlað er að framkvæmdir hefjist árið 2025 og að þeim ljúki árið 2027.

Framkvæmdin er matsskyld og er unnið að mati á umhverfisáhrifum hennar. Liður í því er að setja fram tillögur um raunhæfa valkosti línunnar, sem lagðir verða fram til umhverfismats. [Umhverfismatsskýrsla](#) var gefin út hinn 1. október 2024. Skýrslan er í kynningarferli hjá Skipulagsstofnun. Skýrslan sjálf er afar ítarleg auk þess sem henni fylgja tólf viðaukar. [Samantekt mats á umhverfisáhrifum](#) er að finna á heimasíðu Landsnets og fylgir einnig með sem fylgiskjal með beiðni þessari.

Með tilkomu Holtavörðuheiðarlínu 1 er stigið mikilvægt skref í samtengingu landshluta. Holtavörðuheiðarlína 1 er mikilvægur hluti af *nýrri kynslóð byggðarlínu*. Er samtengingin þegar hafin og byggingu lokið við Kröflulínu 3 og Hólasandslínu 3, en auk þeirra munu Blöndulína 3 og Holtavörðuheiðarlína 3 verða hluti af nýrri kynslóð byggðarlínu.

Er fyrirhuguð framkvæmd þannig mikilvægur hlekkur í uppbyggingu á meginflutningskerfinu, sem tengir saman Vesturland og Norður- og Austurland. Með því losnar um flöskuháls í kerfinu, sem til staðar eru í dag. Samfelld afkastameiri tenging frá Blöndustöð í Hvalfjörð mun eyða þessum flöskuhálsi, sem er lykilþáttur í því að uppfylla tímasetta stefnu stjórnvalda um full orkuskipti, viðhafa betri nýtingu á núverandi virkjunum auk þess sem raforkuöryggi eykst. Við það eykst afhendingargeta á öllum afhendingarstöðum á landinu

Í þessu sambandi má benda á nýlegt rafmagnsleysi sem varð á Norður- og Austurlandi hinn 2. október 2024, sökum þess að útsláttur varð hjá Norðuráli á Grundatanga. Þessi útleysing hafði mikil áhrif á flutningskerfið og olli töluverðu tjóni. Samkvæmt upplýsingum hafa vel á annað hundrað tjónatilkynningar borist Rarik sökum þess að núverandi byggðarlína réði ekki við álag. Í ljósi aðstæðna er því mikilvægt að undirbúningsframkvæmdir við nýja kynslóð byggðarlínu tefjist ekki og er skipun raflínunefndar mikilvægur þáttur í því sambandi.

Markmið með byggingu Holtavörðuheiðarlínu 1 eru þannig fyrst og fremst að bæta afhendingaröryggi á byggðalínusvæðinu, auka flutningsgetu, bæta nýtingu fjárfestinga í orkukerfi landsins og eyða flöskuhálsum, ásamt því að stuðla að orkuskiptum í landinu með því að gera mögulegt að tengja nýja endurnýjanlega orkuframleiðslu við meginflutningskerfið.

Mikilvægt er að benda á að núverandi staða byggðalínunnar er þannig að svigrúm fyrir tengingar nýrra notenda eða orkuframleiðslueininga er nánast útilokuð, sbr. nánari umfjöllun í umhverfismatsskýrslu. Telur Landsnet að sú staðreynd ein og sér eigi að leiða til þess að stjórnvöld leggist á eitt og sammælist um að hraða uppbyggingu á meginflutningskerfi raforku, m.a. með því að taka ákvörðun um skipan raflínunefndar.

Um frekari upplýsingar og lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd er vísað til gagna og upplýsinga sem er að finna á vefsíðu Landsnets og eru talin upp sem fylgiskjal við beiðni þessa.

b) Forsaga og markmið löggjafar um skipan raflínunefndar.

Af gefnu tilefni, telur Landsnet rétt að fara stuttlega yfir forsögu og markmið löggjafar um skipan raflínunefndar. Líkt og kunnugt er var megintilgangur með umræddum breytingum á skipulagslöggjöf sá að auka skilvirkni í skipulags- og leyfisveitingaferli raflínuframkvæmda. Endurspeglast það einna helst í því að eftir gildistöku laganna hefur heimild til skipan raflínunefndar verið lögfest. Hagræði af slíku fyrirkomulagi er augljóst að mati Landsnets og felur m.a. í sér að tekin er ein skipulagsákvörðun og eitt framkvæmdaleyfi veitt fyrir tiltekinni framkvæmd í flutningskerfi raforku, í tilvikum þar sem framkvæmdin varðar tvö eða fleiri sveitarfélög.

Ekki er þörf á því að fara mörgum orðum um óhagræði þess að vinna að skipulagsbreytingum í mörgum sveitarfélögum vegna einnar framkvæmdar. Auk þess sem slíkt fyrirkomulag hefur í för með sér útgáfu á fjölda framkvæmdaleyfa, í stað þess að raflínunefnd gefur út eitt leyfi. Reynsla síðustu ára ber þetta glögglega með sér. Sem dæmi má nefna eftirfarandi tilvik:

Kröflulína 3. Í undirbúningi þessarar framkvæmdar þurfti að óska eftir breytingum á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps, Fljótsdalshéraðs og Skútustaðahrepps, fyrir línu og efnistökvæði. Enginn ágreiningur var á milli sveitarfélaga um framkvæmdina. Breyting á aðalskipulagi þessara þriggja sveitarfélaga, frá því Landsnet sótti um skipulagsbreytingarnar og þar til aðalskipulagsbreytingarnar voru staðfestar tók um 15 mánuði (frá 15.janúar 2018- 6. maí 2019).

Hólasandslína 3. Í undirbúningi þessarar framkvæmdar þurfti að óska eftir breytingum á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Akureyrar, fyrir línu og efnistökvæði. Enginn ágreiningur var á milli sveitarfélaga um framkvæmdina. Breyting á aðalskipulagi þessara þriggja sveitarfélaga, frá því Landsnet sótti um skipulagsbreytingarnar og þar til aðalskipulagsbreytingarnar voru staðfestar, tók um 17 mánuði (frá 7. febrúar 2019-3.júlí 2020)

Suðurnesjalína 2. Í þessari framkvæmd var raflínan á aðalskipulagi allra þeirra sveitarfélaga sem línan er fyrirhuguð, þ.e. Hafnarfjörður, Sveitarfélagið Vogar, Grindavík og Reykjanesbær. Það tók mislangan tíma að fá útgefin framkvæmdaleyfi, vegna ágreinings í Vogum um valkost Landsnets. Landsnet sótti fyrst um framkvæmdaleyfi í september 2020, sem Vogar höfnuðu í mars 2021. Ákvörðunin var kærð af hálfu Landsnets til ÚUA og lá niðurstaða fyrir í október 2021. Þá hófust að nýju viðræður við Voga um gerð nýs framkvæmdaleyfis sem var gefið út hinn 30. júní 2023. Útgáfa fyrri leyfisins tók um 6 mánuði. Útgáfa þess seinna, frá því úrskurður ÚUA lá fyrir, tók um 20 mánuði.

Framangreind þrjú tilvik, sem hér hafa verið nefnd í dæmaskyni, sýna að mati Landsnets að málsmeðferð hefði getað tekið skemmri tíma ef þau hefðu hlotið umfjöllun og afgreiðslu í raflínunefnd, þar sem tekin yrði ein skipulagsákvörðun og veitt eitt framkvæmdaleyfi. Auk þess léttir samþætt málsmeðferð á skipulagi einnar framkvæmdar á þeim opinberu stofnunum sem þurfa að veita umsagnir vegna málsins. Að þessu leyti skapast svigrúm til einföldunar og skilvirkni, sem er eitt af þeim atriðum sem eru talin upp í almennum athugasemdum frumvarpsins, sbr. liður 2.4.

Í ljósi þess hve mikilvæg Holtavörðuheildarlína 1 er við uppbyggingu nýrrar kynslóðar byggðalínu telur Landsnet það skipta miklu máli að nýtt séu öll þau tækifæri sem löggjafinn hefur sett fram, í þeirri viðleitni að stytta undirbúningstíma raflínuframkvæmda.

Landsnet leyfir sér að benda á að fyrirtækinu er ljós sú meginregla skipulagslaga að sveitarfélögin fara með skipulagsvaldið. Telur Landsnet að skipun raflínunefndar eigi ekki að breyta þeirri reglu, enda var ekki farin sú leið með lagabreytingunum að fela ríkisvaldinu ákvörðunarvaldið. Aðkoma ríkisvaldsins gagnvart raflínunefnd snýst fyrst og fremst um að leysa úr málum komi til þess að nefndin, sem m.a. er skipuð fulltrúum allra hlutaðeigandi sveitarfélaga, nái ekki saman um aðalvalkost línuleiðar. Lögin gera ráð fyrir að einróma samþykki nefndar þurfi til vegna tillögu að raflínuskipulagi að öðrum kosti er ákvörðun vísað til ráðherra sem tekur ákvörðun um val á valkosti, sbr. nánar í 3. mgr. 11. gr. d skipulagslaga.

c) Skilyrði laga um skipun raflínunefndar eru uppfyllt.

Í ákvæðum skipulagslaga er að finna upptalningu á þeim skilyrðum sem þurfa að vera til staðar svo unnt sé að skipa raflínunefnd, sbr. 2. mgr. 9. gr. a skipulagslaga, sbr. brl. nr. 35/2023. Skilyrðin eru þau að: ^{a)} Beiðni skuli vera sett fram áður en samþykkt hefur verið á fundi a.m.k. einnar sveitarstjórnar að auglýsa skipulagstillögu á grundvelli 31. gr. ^{b)} Greinargóð lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd og ^{c)} upplýsingar um innan hvaða sveitarfélags framkvæmdin er áformuð.

Að mati Landsnets eru öll skilyrði uppfyllt í máli þessu svo ráðherra sé unnt að skipa raflínunefnd vegna Holtavörðuheidarlínu 1.

Nánar tiltekið eru skilyrði samkvæmt ^{a)} lið hér að ofan uppfyllt vegna HH1. Landsneti er ekki kunnugt um að auglýst hafi verið aðalskipulagstillaga á grundvelli 31. gr. skipulagslaga. Þá er í beiðni þessari að finna greinargóða lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd og vísað til frekari gagna og upplýsinga þar um, sem m.a. má finna má á vef Landsnets, sbr. skilyrði ^{b)} liðar hér að ofan. Um er að ræða gögn eins og formlegar kynningar af hálfu Landsnets, glærur, upplýsingar um ferli samráðs; bæði gagnvart verkefnaráði (sem eru m.a. fulltrúar frá hlutaðeigandi sveitarfélögum) og annarra hagsmunaaðila, afrit fundargerða, matsáætlun, álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun og viðaukar, kort af fyrirhuguðum framkvæmdum, umhverfismatsskýrsla o.fl. Allar þessar upplýsingar eru á vef Landsnets, aðgengilegar öllum þeim sem vilja kynna sér framkvæmdir Landsnets og stöðu þeirra í undirbúningsferlinu. Að lokum skal tekið fram að í beiðni er að finna upplýsingar um þau sveitarfélög þar sem framkvæmdin er áformuð, sbr. skilyrði ^{c)} liðar hér að framan.

Landsnet tekur fram að um er að ræða nýja löggjöf. Þegar af þeim sökum eru ekki komin skýr fordæmi þegar kemur að ákvörðun ráðherra um skipun raflínunefndar, þ.m.t. möguleg ákvörðun hans um að synja um skipun slíkrar nefndar. Landsnet tekur fram að fyrirbyggjandi beiðni uppfyllir öll þau skilyrði sem lög gera ráð fyrir. Hlýtur það sjónarmið að vega þyngst þegar ráðherra tekur ákvörðun um hvort skipa beri raflínunefnd.

Að sama skapi hljóta veigamikil rök að þurfa að liggja fyrir í tilvikum þar sem ráðherra ákveður að hafna beiðni aðila, þ.e.a.s. beiðni Landsnets eða sveitarfélaga, í tilviki þar sem öll skilyrði laga eru uppfyllt. Í slíku tilviki er um að ræða afar íþyngjandi ákvörðun sem þarf að eiga sér skýra stoð í lögum.

Í þessu máli má einnig áréttta að fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samþykkttri kerfisáætlun Landsnets og hafa verið kynntar öllum hagsmunaaðilum, líkt og rakið hefur verið. Lögin gera ráð fyrir því að nefndin skuli skipuð strax á upphafsstigum undirbúnings og hafa sveitarfélög því eðli málsins samkvæmt ekki tekið málin formlega fyrir m.t.t. skipulags.

Landsnet leyfir sér einnig góðfúslega að benda á, í ljósi tilgangs löggjafar og lögbundinna skilyrða fyrir skipan nefndar, að vandséð er að ólík afstaða hlutaðeigandi aðila til fyrirhugaðra framkvæmda og/eða mögulegur ágreiningur þeirra á milli, sé sjónarmið sem líta beri til á þessu stigi málsins, þ.e.a.s. við ákvörðun um skipan raflínunefndar. Slík sjónarmið komast að við efnislega meðferð málsins innan nefndar auk þess sem hlutaðeigandi sveitarfélög hafa hver sinn fulltrúa í hinni skipuðu nefnd. Skipan raflínunefndar hefur það í för með sér að hagsmuna sveitarfélaga er gætt og að sama skapi er skilvirkni tryggð.

Landsnet hlýtur þannig út frá lögbundnum skyldum sínum alla jafna fremur að gera ráð fyrir því að sækja um heimild ráðherra fyrir skipan raflínunefndar, í tilvikum þar sem framkvæmd nær yfir tvö sveitarfélög eða fleiri, og með því koma í veg fyrir óþarfa tafir í undirbúningsferli framkvæmda.

Þá telur Landsnet jafnframt rétt að benda á, í ljósi bréfs ráðuneytisins, dags. 10. júlí 2024, að hvergi í lögum, frumvarpi því er varð að lögunum, né í reglugerð er minnst á skilyrði þess efnis að ágreiningur þurfi að vera til staðar á milli aðila svo unnt sé fyrir ráðherra að skipa raflínunefnd. Rökstuðningur ráðuneytisins virðist einna helst byggja á afmarkaðri umfjöllun meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar við 2. umræðu frumvarpsins.

Bent er á að málsmeðferð ráðuneytisins, hvað varðar meðferð og afgreiðslu á beiðni Landsnets, er bundin af almennum ákvæðum stjórnsýsluréttar, jafnt skráðum sem óskráðum. Þannig ber stjórnvöldum að byggja ákvarðanir sínar á lögum og málefnalegum sjónarmiðum, m.a. þeim sjónarmiðum sem augljóslega eru til þess fallin að ná fram markmiðum þeirra laga sem ákvörðun er byggð á. Að mati Landsnet kann fyrrnefnd túlkun ráðuneytisins að fara gegn tilgangi og markmiðum löggjafans eins og úrræðið var innleitt í ákvæði skipulagslaga.

Þá er og bent á í þessu sambandi að eitt af skilyrðum laga, fyrir skipun raflínunefndar, lýtur að því að beiðni um skipun þarf að koma fram áður en samþykkt hefur verið á fundi a.m.k. einnar sveitarstjórnar að auglýsa skipulagstillögu á grundvelli 31. gr. skipulagslaga. Þannig verður ekki hægt að fara fram á skipun raflínunefndar þegar a.m.k. ein hlutaðeigandi sveitarstjórn hefur samþykkt að auglýsa skipulagstillögu skv. 31. gr. skipulagslaga. Bent er á að reynsla síðustu ára sýnir að ágreiningur kann allt eins að koma fram á milli aðila á síðari stigum í ferlinu, þ.m.t. eftir að sveitarstjórn auglýsir tillögu að aðalskipulagi. Við slíkar aðstæður væri, út frá lögbundnum skilyrðum, of seint fyrir báða aðila, hvort sem um ræðir sveitarfélag eða flutningsfyrirtækið, að leggja fram beiðni til ráðherra. Bendir Landsnet á þetta veigamikla atriði.

d) Breytingar á skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, sbr. reglugerð, nr. 836/2024.

Í kjölfar tilvitnaðra lagabreytinga, þegar innleidd var heimild í skipulagslög til að skipa raflínunefnd, voru gerðar samsvarandi breytingar á skipulagsreglugerð. Helsta breytingin var sú að við reglugerðina bættist nýr kafli, 7. kafli, sem fjallar um undirbúning og gerð raflínuskipulags og störf raflínunefndar. Reglugerðin öðlaðist gildi hinn 26. júní 2024.

Af gefnu tilefni má góðfúslega benda á að Landsnet benti á í umsögn sinni, dags. 20. júní 2024, við drög að reglugerðinni þegar þau voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda, sbr. [mál nr. S-112/2024](#), að í lögum væri ekki vísað til þess að leggja þyrfti fram ítarlegri rökstuðning fyrir beiðni um skipan raflínunefndar, umfram það sem fælist í skilyrðum skipulagslaga. Þannig væri ekki gerð sú krafa að lögum að rökstyðja þyrfti sérstaklega hvers vegna beiðandi óski eftir því að setja málin í farveg raflínunefndar, enda lögbundin skilyrði uppfyllt.

Í reglugerðinni er ekki fjallað um frekari skilyrði fyrir því að unnt sé að leggja fram beiðni um skipan raflínunefndar, né eru tilvitnuð þrjú skilyrði skipulagslaga útfærð nánar. Þegar af þeim sökum hljóta að vakna spurningar um fyrri niðurstöðu ráðuneytisins, sem fól í sér viðbótarskilyrði um að ágreiningur þyrfti að vera til staðar á milli aðila svo unnt væri fyrir ráðherra að skipa raflínunefnd.

III. Niðurlag

Í ljósi alls framangreinds, og með vísan til ákvæða skipulagslaga um raflínunefnd, telur Landsnet að öll lagaleg skilyrði séu uppfyllt svo unnt sé að afgreiða beiðni fyrirtækisins. Þá hefur verið gerð tilraun til þess að rökstyðja nánar um nauðsyn þess að undirbúningsframkvæmdir vegna nýrrar kynslóðar byggðalínu tefjist ekki miðað við þær áætlanir sem þegar liggja fyrir. Um er að ræða framkvæmdir er varða mikilvæga innviði samfélagsins.

Tilgangur Landsnets með beiðni þessari er eingöngu sá að nýta lögbundið úrræði skipulagslaga sem felur í sér samþættingu á málsmeðferð, bæði í skipulags- og leyfisveitingaferli, vegna undirbúningsframkvæmda í flutningskerfi raforku. Að mati Landsnets kemur slík málsmeðferð hvorki niður á gæðum undirbúnings né möguleikum almennings og annarra hagsmunaaðila að koma að athugasemdum sínum og sjónarmiðum.

Virðingarfyllt



Guðmundur Ingi Ásmundsson
forstjóri

Afrit: Umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Fylgiskjöl:

1. Frekari upplýsingar og gögn um fyrirhugaða framkvæmd:

a. Umhverfismatsskýrsla og sérstakt skjal sem sýnir samantekt hennar:

<https://landsnet.is/library/?itemid=16c325b8-9afc-42f9-a19e-d6753d900bdd>

<https://landsnet.is/library/?itemid=91627050-c356-4c5f-90f8-6fb625c239a7> - einnig afhent sem útprent

b. Almennt um verkefnið:

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/hvalfjordur-holtavorduheidi>

c. Upplýsingar um samráð og verkefnastjórn:

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/hvalfjordur-holtavorduheidi?kafli=samrad>

d. Upplýsingar varðandi umhverfismatið:

<https://landsnet.is/framkvaemdir/yfirlit-framkvaemda/framkvaemd/hvalfjordur-holtavorduheidi?kafli=umhverfismat>

e. Upplýsingar um framkvæmdina á vefsíðu:

<https://map.is/hh1/>

2. Afrit af birtum fréttum vegna málsins


a. Frétt sem birtist í Morgunblaðinu hinn 4. október 2024.

b. Frétt sem birtist í Vikublaðinu hinn 17. október 2024.

UM 65 TILKYNNINGAR UM TJÓN VEGNA RAFMAGNSTRUFLANA Á AKUREYRI

17. október, 2024 - 13:13

Margrét Þóra Þórsdóttir gunnar@vikubladid.is



Um 65 tilkynningar um tjón á Akureyri vegna truflana í flutningskerfi Landsnets í byrjun október hafa borist til Norðurorku Mynd No

„Tjónstilkynningum heldur áfram að fjölga en þær eru nú orðnar rétt í kringum sextíu hér á Akureyri,“ segir Gunnur Ýr Stefánsdóttir skrifstofustjóri á skrifstofu forstjóra Norðurorku en fyrirtækið tekur við tilkynningum um tjón sem urðu á Akureyri vegna truflana í flutningskerfi Landsnets 2. október síðastliðinn. Rarik heldur utan um tjónstilkynningar utan Akureyrar.

Gunnur Ýr segir ljóst að atvikið sé umfangsmikið í heild, Norðurorka hafi milligöngu um tjónamál á sínu svæði en tjón varð víðar um norðan og austanvert landið. Landsnet mun meta hvert mál fyrir sig og senda áfram til síns tryggingarfélags sem vinnur málið áfram og klárar bótakröfuna.

Vinum eins hratt og mögulegt er

Hún segir því ekki ljóst nú hvenær viðskiptavinir Norðurorku megi eiga vona á að fá svar um hvort tjón þeirra sé bótaskýlt, „en þangað til höfum við ráðlagt okkar viðskiptavinum að geyma amk kvittanir vegna þess kostnaðar sem þeir hafa orðið fyrir vegna þessa. Við getum ekki útilokað að tryggingafélagið sem metur upphæð tjónsins, muni óska eftir því að fá til sín kvittanir eða þau rafmagnstæki sem hafa orðið fyrir tjóni,“ segir Gunnur Ýr. Markmið Norðurorku sé að vinna málin eins hratt og mögulegt er og sé það gert í samvinnu við Landsnet.

Hún segir að um mismunandi tjón sé að ræða, að stærð og gerð og dreifist þau um allan bæinn. „Þetta eru aðallega tjón á heimilistækjum, svo sem á bakaraofnum, þvottavélum og þurrkurum, sjónvörpum og einnig eru dæmi um gólfhitadælu og ljósabúnað.

TIL BAKA

NÝJAST

Veikasta svæðið þoldi ekki höggið

● Rafmagnsleysi á Norður- og Austurlandi vegna veikleika í byggðalínu ● Tjón víða um land ● Vinna við Blöndulínu 3 hefur tekið 20 ár ● Deilur hafa tafið verkið ● Nauðsynlegt að gera ferlið skilvirkara

Óskar Bergsson
oskar@mbl.is

„Höggið á kerfið varð vegna þess að álverið leysti út og því varð þessi keðjuverkun á veikasta svæðinu sem var byggðalínusvæðið. Virkjanirnar sem eru tengdar við sterkasta kerfið gátu skrúfað niður framleiðsluna hjá sér til að bregðast við þessu,“ segir Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets, um ástæðu þess að stór hluti landsins varð rafmagnslaus í fyrradag.



Mikið tjón varð af völdum rafmagnstruflana, í einstaka tilvikum upp á tugi milljóna króna, en vel á annað hundrad tjonatilkynningar hófu borist Rarík í gær.

Útsláttur hjá Norðrali á Grundartanga olli rafmagnsleysi á Norður- og Austurlandi. Guðmundur segir grunnástæðuna þá að lítil tenging sé milli Norðaustur- og Suðvesturlands og mikið álag á þennan veika hluta byggðalínunnar hafa valdið keðjuverkun í kerfinu. Kerfið á suðvesturhorninu sé mun sterkara en tengingin milli Grundartanga og Norðurlands. Byggðalínan þar á milli sé 50 ára gömul og segir Guðmundur að unnið sé að



Guðmundur Ingi segir nauðsynlegt að endurskoða þetta ferli og gera það skilvirkara án þess að slá af kröfum ef markmið um orkuskipti eigi að nást.

„Við erum komin á skrið með þessar línur allar í góðu samstarfi við sveitarfélög og erum að koma þessum verkefnum inn á skipulag og klára umhverfismatið.“

Hann segir vinnu við Blöndulínu 3 hafa staðið yfir í 20 ár og það séu deilur af ýmsum toga sem hafi tafið framkvæmdina.

Eignarnám er neyðarréttur

Í ljósi þess að undirbúningsvinnu við eina rafmagnslínu hefur staðið í 20 ár, telurðu þá að Landsnet þurfi á sérstakri lagaheimild að halda til þess að ljúka við sjálfsgöð öryggismál í raforkuflutningi?

„Við höfum ekki verið talsmenn þess að sett séu sérlæg fyrir línurnar, en við erum talsmenn þess að ferlið verði gert skilvirkara. Við teljum mikilvægt að vanda til verka og leysa verkefni á satt.“

Guðmundur Ingi segir sambærileg vandamál hafa verið í Evrópu, en þar hafi verið komið upp skilvirkri kerfi og taki um tvö ár að koma framkvæmdum við línulögn í gegn. Það sé mikilvægt að stórar og viðkvæmar framkvæmdir í fái eðlilega málsmeðferð. Spurður hvort komið hafi til tals að nýta lög um framkvæmd eignarnáms til að klára mál segir Guðmundur Ingi að eignarnám sé neyðarréttur sem sé ekki beitt nema í algjörum undantekningartilvikum.

heldur en var fyrir 50 árum. Það er gríðarlega mikilvægt að við náum að klára að gera eitt sterkt raforkukerfi á Íslandi sem hefur því miður tafið allt of mikið.“

Flókið og erfitt leyfisferli

Hann vonast til að Landsnet komist sem fyrst í eitt hvað af þessum línunum því þær verði ekki byggðar allar í einu og það verði að koma í ljós hvaða lína komist fyrst í gegnum leyfisferlið.

„Við höfum lagt mesta áherslu á að komast í Blöndulínu 3 en það kann að vera að sú framkvæmdaröð breytist eftir því hvernig gengur að klára leyfisferlið sem er gríðarlega flókið og erfitt. Til þess að fá leyfi fyrir rafslínu þarf fyrst að klára umhverfismat og skipulag, sem síðan fer í umsagnarferli. Að því loknu þarf framkvæmdaleyfi frá sveitarfélögum og samblíða því þarf að semja við landeigendur. Í þessu ferli opnast mikið af kæruleiðum sem hafa tafið málin.“

styrkingu línunnar. „Við byrjuðum nýju byggðalínuna á Austfjörðum, tengdum Fljótsdalsstöð við Kröfluvirkjun og héldum síðan áfram til Akureyrar og erum svo með áform um að byggja þrjár línur til viðbótar. Þær eru Blöndulína 3 og svo Holta-vörðulína 1 og 3 alveg í Hvalfjörð, til þess að fá fullnægjandi tengingu milli Norðausturlands og Suðvesturlands, sem uppfyllir öryggisstaðla. Við erum að tala um mun meiri raforkuflutning